Reykjavík, 6. janúar 2025
MSS25010052

Borgarráð

***Tillögur vegna reglulegs eigendafundar OR í janúar 2025***

Boðað hefur verið til reglulegs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi um félagið, þann 10. janúar n.k. vegna 2024. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds OR tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á eigendafundi OR þann 10. janúar n.k.:

2. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
3. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar.
4. Áhættustefna. Til samþykktar (m br).
5. Endurskoðun. Til samþykktar.

Fyrir liggja umsagnir fjármála- og áhættustýrasviðs Reykjavíkurborgar um tillögur nr. 2, 3 og 4. Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur nr. 2, 3, 4 og 5.

Trúnaður ríkir um afgreiðslu borgarráðs og gögn málsins fram yfir eigendafund OR.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundaboð eigendafundar jan. 2025
Fjárhagsspá Orkuveitunnar 2025 og langtímaspá 2025-2029
Arðsemisstefna Orkuveitunnar
Arðgreiðslustefna Orkuveitunnar
Áhættustefna og áhættuvilji – tillaga og greinargerð til stjórnar
Áhættustefna Orkuveitunnar
Tillaga til eigendafundar um endurskoðunarfyrirtæki
Skýrsla um framfylgd eigendastefnu
Umsögn fjármála- og áhættustýringasviðs um arðsemisstefnu, arðgreiðslustefnu og áhættustefnu OR, dags. 6.1.2025.

Reykjavík

Reykjavík, 19. 12. 2024.
/ES/

Til eigenda OR

Efni: Fundarboð á reglubundinn eigendafund OR 3. janúar 2025 vegna desember 2024 kl. 10:00-11:30.

Boðað er til reglulegs eigendafundar, sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum.

Að höfðu samráði við eigendur er hér með boðað til fundarins föstudaginn 3. janúar 2025 næstkomandi kl. 10:00. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1 með möguleika á þátttöku um fjarfundabúnað.

1. Fjárhagsspá 2025 og langtímaspá 2025 - 2029. Til kynningar.
2. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
3. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar
4. Áhættustefna. Til samþykktar (m br).
5. Endurskoðun. Til samþykktar.
6. Vatnsvernd. Til upplýsingar.
7. Carbfix. Til upplýsingar.
8. Ljósleiðarinn. Til upplýsingar.
9. Vatnsaflsmöguleikar. Til upplýsingar.
10. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Til upplýsingar.
11. Endurskoðun eigendastefnu.
12. Önnur mál.

Virðingarfyllst,

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri



Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarháls 1, 110 Reykjavík
+354 516 6100
orkuveitan.is

Orkuveitan

# Fjárhagsspá Orkuveitunnar 2025 - 2029

28. október 2024

Snorri Hafsteinn Þorkelsson

Fjármálastjóri

Orkuveitan

## Framtíðarsýn

# Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar

## Hlutverk

**Orkuveitan styður vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf með nýsköpun í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.**

## Stefnuáherslur

**Aukið framboð og sjálfbærar lausnir**
Nýtum orkuna úr náttúrunni

- Aukin orkuframleiðsla
- Ábyrg auðlindanýting
- Öflug veitukerfi
- Kolefnishlutleysi

**Nýsköpun og öflugt samstarf**
Tengjumst skapandi orku úr mannlífinu

- Virðisaukandi lausnir
- Kvik og hröð innleiðing
- Árangursríkt samstarf

**Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur**
Mögnum okkar eigin frumkvöðlaorku

- Fjölbreytt liðsheild
- Skilvirk og snjöll
- Traustur rekstur
- Framsýn forysta

**Fyrir viðskiptavininn**
Veitum orkunni til viðskiptavina

- Ánægðir viðskiptavinir
- Snjöll og örugg þjónusta
- Fjölbreytt viðskipti

## Gildin okkar

**Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki**

# Skipurit samstæðu



# Forsendur fyrir fjárhagsspá 2024 - 2029

| Lýsing | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs, breyting (%) | 6,0% | 3,9% | 2,7% | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| Byggingavísitala (%) | 4,7% | 4,7% | 3,6% | 3,0% | 2,9% | 2,9% |
| Launavísitala, breyting (%) | 6,6% | 5,8% | 4,4% | 4,0% | 4,0% | 4,1% |
| Gengisvísitala, breyting (%) | 0,3% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Álverð, meðalverð ársins ($) | 2.331,2 | 2.396,9 | 2.524,8 | 2.705,6 | 2.876,1 | 2.961,3 |

- Tölulegar forsendur byggja m.a. á þjóðhagsspá Hagstofu frá júní 2024 fyrir tímabilið 2025 – 2029
- Ásamt öðrum forsendum, s.s. þróun á álverði, fjárfestingum Reykjavíkurborgar, íbúða í byggingu, íbúafjölda og líklegri þróun á samkeppnismarkaði





Orkuveitan

# Orkuveitan | Samstæða

# Orkuveitan | Rekstur - GAMLA
## (m.kr.)

| | Raun 2023 (mkr) | Horfur 2024 (mkr) | Spá 2025 (mkr) | Spá 2026 (mkr) | Spá 2027 (mkr) | Spá 2028 (mkr) | Spá 2029 (mkr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | **61.050** | **66.287** | **71.061** | **74.481** | **78.613** | **83.018** | **88.059** |
| **Rekstrargjöld** | **25.381** | **29.159** | **29.605** | **30.574** | **31.538** | **32.368** | **34.404** |
| **EBITDA** | **35.669** | **37.128** | **41.457** | **43.907** | **47.076** | **50.650** | **53.655** |
| Afskriftir | 15.797 | 17.078 | 17.965 | 19.136 | 20.596 | 21.714 | 22.923 |
| **EBIT** | **19.872** | **20.050** | **23.492** | **24.771** | **26.479** | **28.935** | **30.732** |
| **Fjármagnsliðir** | **-13.092** | **-11.495** | **-11.589** | **-10.332** | **-11.709** | **-13.002** | **-13.784** |
| Vaxtatekjur | 573 | 983 | 1.188 | 1.242 | 1.174 | 1.533 | 1.004 |
| Vaxtagjöld | -14.574 | -13.700 | -13.676 | -12.581 | -13.497 | -14.548 | -14.910 |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 909 | 1.223 | 900 | 1.007 | 614 | 12 | 122 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **6.780** | **8.556** | **11.903** | **14.439** | **14.770** | **15.933** | **16.948** |
| Tekjuskattur | -380 | -359 | -883 | -1.148 | -902 | -843 | -884 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **6.400** | **8.197** | **11.019** | **12.851** | **13.428** | **12.890** | **13.314** |
| **Hlutdeild minnihluta** | **0** | **0** | **-232** | **-344** | **-599** | **-679** | **-998** |

# Orkuveitan | Rekstur
## (m.kr.)

| | Raun 2023 (mkr) | Horfur 2024 (mkr) | Spá 2025 (mkr) | Spá 2026 (mkr) | Spá 2027 (mkr) | Spá 2028 (mkr) | Spá 2029 (mkr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | **61.050** | **66.287** | **71.061** | **75.981** | **82.613** | **83.018** | **88.059** |
| **Rekstrargjöld** | **25.381** | **29.159** | **29.605** | **30.574** | **31.538** | **32.368** | **34.404** |
| **EBITDA** | **35.669** | **37.128** | **41.457** | **45.407** | **51.076** | **50.650** | **53.655** |
| Afskriftir | 15.797 | 17.078 | 17.965 | 18.896 | 20.044 | 20.994 | 21.975 |
| **EBIT** | **19.872** | **20.050** | **23.492** | **26.511** | **31.032** | **29.656** | **31.680** |
| **Fjármagnsliðir** | **-13.092** | **-11.495** | **-11.463** | **-10.163** | **-11.051** | **-12.250** | **-13.041** |
| Vaxtatekjur | 573 | 983 | 1.188 | 963 | 1.075 | 988 | 99 |
| Vaxtagjöld | -14.574 | -13.700 | -13.550 | -12.018 | -12.473 | -12.995 | -13.001 |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 909 | 1.223 | 900 | 893 | 347 | -242 | -139 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **6.780** | **8.556** | **12.029** | **16.348** | **19.981** | **17.406** | **18.639** |
| Tekjuskattur | -380 | -359 | -931 | -1.560 | -2.000 | -1.136 | -1.198 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **6.400** | **8.197** | **11.098** | **14.348** | **17.540** | **13.520** | **14.361** |
| **Hlutdeild minnihluta** | **0** | **0** | **-232** | **-344** | **-599** | **-679** | **-998** |

# Orkuveitan | Efnahagur
## (m.kr.)

| | Raun 2023 (mkr) | Horfur 2024 (mkr) | Spá 2025 (mkr) | Spá 2026 (mkr) | Spá 2027 (mkr) | Spá 2028 (mkr) | Spá 2029 (mkr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | **481.290** | **503.550** | **524.393** | **540.605** | **570.515** | **584.762** | **609.491** |
| Fastafjármunir | 446.515 | 468.756 | 485.525 | 508.386 | 530.583 | 552.366 | 575.382 |
| Veltufjármunir | 34.774 | 34.795 | 38.868 | 32.219 | 39.932 | 32.396 | 34.108 |
| **Eigið fé og skuldir** | **481.290** | **503.551** | **524.393** | **540.605** | **570.515** | **584.762** | **609.491** |
| **Eigið fé** | **258.984** | **260.022** | **273.795** | **290.403** | **310.130** | **326.240** | **342.616** |
| **Skuldir** | **222.306** | **243.529** | **250.598** | **250.202** | **260.385** | **258.522** | **266.875** |
| Langtímaskuldir | 191.373 | 211.196 | 214.429 | 218.322 | 222.793 | 226.769 | 233.593 |
| Skammtímaskuldir | 30.933 | 32.333 | 36.170 | 31.880 | 37.592 | 31.753 | 33.282 |

# Orkuveitan I Sjóðstreymi
## (m.kr.)

| | Raun 2023 (mkr) | Horfur 2024 (mkr) | Spá 2025 (mkr) | Spá 2026 (mkr) | Spá 2027 (mkr) | Spá 2028 (mkr) | Spá 2029 (mkr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | **34.586** | **37.944** | **41.766** | **45.240** | **50.891** | **50.470** | **53.511** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 591 | 967 | 1.188 | 963 | 1.075 | 988 | 580 |
| Greidd vaxtagjöld | -7.040 | -7.364 | -8.365 | -8.096 | -8.432 | -8.672 | -8.534 |
| Greiddur tekjuskattur | -1.476 | -1.873 | -2.468 | -3.161 | -3.631 | -3.449 | -3.292 |
| Greiðslur annarra fjármagnsliða | 184 | 696 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **26.845** | **30.370** | **32.508** | **34.681** | **39.463** | **36.588** | **39.185** |
| Fjárfesting rekstrarfjármuna | -28.008 | -33.496 | -39.498 | -39.947 | -40.202 | -40.456 | -42.752 |
| Aðrar fjárfestingarhreyfingar | 3.146 | -2.000 | -120 | 14.757 | -120 | -120 | -120 |
| **Fjárfestingarhreyfingar alls** | **-24.862** | **-35.496** | **-39.618** | **-25.190** | **-40.322** | **-40.576** | **-42.872** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Ný langtímalán | 30.121 | 35.087 | 23.217 | 19.167 | 24.767 | 18.200 | 21.014 |
| Afborganir langtímaskulda | -24.581 | -17.924 | -21.008 | -23.315 | -19.088 | -24.139 | -17.739 |
| Greiddur arður | -5.500 | -6.000 | -6.234 | -6.402 | -6.562 | -6.726 | -6.895 |
| Innborgað hlutafé | 0 | 0 | 9.021 | 9.021 | 9.021 | 9.021 | 9.021 |
| **Fjármögnunarhreyfingar alls** | **1.787** | **11.267** | **4.996** | **-1.530** | **8.137** | **-3.645** | **5.401** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **3.770** | **6.141** | **-2.115** | **7.961** | **7.278** | **-7.633** | **1.714** |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | **6.651** | **10.341** | **16.483** | **14.368** | **22.330** | **29.608** | **21.975** |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | **-78** | **1** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **10.342** | **16.483** | **14.368** | **22.330** | **29.608** | **21.975** | **23.689** |

# Orkuveitan I Rekstur
## (ma.kr.)

- Rekstrartekjur
  - Vaxa á tímabilinu 2025-2029 um 17,0 ma.kr. eða 23,9%
  - Áframhaldandi uppbygging á stærstu tekjustofnum félaganna í takti við uppbyggingu
- Rekstrarkostnaður
  - Eykst á tímabilinu um 4,8 ma.kr. eða 16,2%
  - Aukningin orsakast af markaðsforsendum og stöðugum rekstri til að viðhalda tekjuaukningu

### Rekstrartekjur




### Rekstrarkostnaður




### Framlegð




### EBIT og EBITDA





# Orkuveitan | EBITDA brú 2024 – 2029
## (ma.kr.)



# Orkuveitan I Fjárfestingar
**(ma.kr.)**

- Fjárhagsspáin endurspeglar þær fjárfestingar sem gleggst má sjá fyrir í þeim efnum á þessum tíma
- Miklar fjárfestingar eru framundan hjá Orkuveitunni til að mæta aukinni orkuþörf, nýsköpun, baráttu við loftslagsvá og viðhaldi veitukerfa
- Tímasetning hluta fjárfestinga Orkuveitunnar ræðst af ákvörðunum annarra, til dæmis ríkis og sveitarfélaga
- Leyfisveitingaferli hafa afgerandi áhrif á hvenær einstakar stórar fjárfestingar falla til á spátímabilinu eða hvort þær verða utan þess.
- Fjárfestingar Carbfix á spátímabilinu eru 17,8% af heildarfjárfestingum Orkuveitunnar. Þessar fjárfestingar verða fjármagnaðar að stærstu leyti með hlutafjáraukningu og styrkjum.



# Orkuveitan l Fjármögnun
## (ma.kr.)

- **106,4 ma.kr. lántaka**
  - Lántaka Orkuveitunnar er 87,6 ma.kr.
  - Lántaka Ljósleiðarans er 12,8 ma.kr.
  - Gert er ráð fyrir 6,0 ma.kr. lántöku hjá Carbfix í lok spátímabilsins 2028 – 2029

- **105,3 ma.kr. afborganir lána**
  - Afborganir eru að meðaltali 21,1 ma.kr. yfir tímabilið
  - Endurfjármögnun lána hjá Ljósleiðaranum á árum 2025 og 2028

- Fjármögnun fjárfestinga Orkuveitunnar síðustu ár hefur alfarið verið byggð á grænum fjármögnunarramma fyrirtækisins

## Vaxtaberandi skuldir




## Afborganir lána




## Lántaka



# Orkuveitan | Lykiltölur

## Handbært fé frá rekstri (ma.kr)




## Veltufé frá rekstri (ma.kr)




## Eignir og arðsemi eigna (ma.kr.)




## Arðsemi eiginfjár



# Samstæða | Arðgreiðslumælikvarðar

## (Handbært fé frá rekstri – arðgreiðslur) / nettó skuldir




Markmið > 13%

## Eiginfjárhlutfall




Markmið > 40%

## Vaxtaþekja




Markmið > 3,5

## Veltufjárhlutfall




Markmið > 1

# Orkuveitan l Arðgreiðslumarkmið í fjárhagsspá 2025 - 2029

- Gert er ráð fyrir jöfnum arðgreiðslum allt spátímabilið, 6 ma.kr. á ári, leiðrétt árlega með tilliti til verðlagsbreytinga.






Orkuveitan

# Takk fyrir

Orkuveitan

# Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar

ORKA NÁTTÚRUNNAR

VEITUR

LJÓSLEIÐARINN

Carbfix

ORKA NÁTTÚRUNNAR

VEITUR

LJÓSLEIÐARINN

Carbfix

Orkuveitan

[Stefna lögð fram á stjórnarfundi 28. október 2023]




Arðsemisstefna Orkuveitunnar felur í sér að starfsþættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfsþátta að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu, sjálfbærniviðmiða og viðráðanlegs verðs. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfsþátta gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða í tilfelli sérleyfisstarfsemi of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða sbr. að neðan:

- **Óviðundandi arðsemi:** ef arðsemi er undir neðri mörkum þarf mögulega að hækka gjaldskrá og hagræða í rekstri. Ekki er heimilt að greiða út arð við þessar aðstæður.
- **Viðunandi arðsemi:** ef arðsemi er innan skilgreindra marka skal rekstri hagað þannig, m.t.t. rekstrarútgjalda og gjaldskrá, að arðsemi fari ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Mögulegt rými er til staðar fyrir arðgreiðslur til eigenda að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.
- **Arðsemi umfram kröfu:** ef arðsemi er yfir efri mörk skal kanna hvort ástæður séu til gjaldskrárlækkana í sérleyfisstarfsemi og/eða arðgreiðslna að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu. Samkeppnisstarfsemi er undanskilin þessum mörkum.




Stjórn samþykkir nánari útfærslu arðsemismarkmiða og viðmiðunarmarka fyrir hvern miðil/fyrirtæki.

Arðsemisstefna Orkuveitunnar er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu Orkuveitunnar.

## Tilvísanir

SKI-100; Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fram óbreytt í stjórn Orkuveitunnar þann 31.10.2022]

Arðgreiðslustefna Orkuveitunnar felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárhlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar litið.

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningsskilum samstæðunnar og fjárhagsáætlun næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir

| | Frá og með 2019 |
|---|---|
| 1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) | >1,0 |
| 2. Eiginfjárhlutfall | >40% |
| 3. FFO vaxtaþekja | >3,5 |
| 4. RCF / nettó skuldir | >13% |

Skilgreiningar:

$$\text{Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)} = \frac{\text{( Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna )}}{\text{( Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda )}}$$

*FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)*
*Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna*
*FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum*
*RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.*

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

## Tilvísanir

SKI-100; Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

# Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 356
DIB
Reykjavík 30.9.2024

## TILLAGA 1

Stjórn samþykkir breytingar á áhættustefnu Orkuveitunnar og að hún orðist svo:

*Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.*

*Áherslur áhættustefnu eru að:*

- *Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.*
- *Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.*
- *Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.*
- *Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.*

*Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.*

Jafnframt samþykkir stjórn að áhættuvilji og áhættumörk séu rýnd árlega, samhliða rýni á áhættustefnu.

## GREINARGERÐ

Með tillögunni er lögð áhersla á að uppfæra áhættustefnu Orkuveitunnar til samræmis við nýja heildarstefnu félagsins. Einnig er stefnt að því að samræma áhættustefnu við eðli og starfsemi dótturfélaga. Með síðari tillögunni er verið að skerpa betur á hlutverki stjórnar hvað varðar áhættuvilja og áhættumörk. Að öðru leiti er vísað til kynningar sem lögð er fram samhliða tillögum þessum.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 30.09.2024]

## Áhættustefna Orkuveitunnar

Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.

Áherslur áhættustefnu eru að:

- Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.
- Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.
- Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.
- Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.

Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.

## Tilvísanir

SKI-100; Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

VRC-060; Áhættuhandbók.

## Orkuveitan's Risk Policy

The main goal of Orkuveitan's risk policy is to contribute to the company performing its role in a safe and cost-effective manner within the limits of acceptable risk, the nature of the relevant activity and in accordance with agreed policies and objectives for robust risk management.

The focus of risk management is to:

- Reduce fluctuations in performance at all times by identifying, evaluating and managing risks.
- Promote adequate liquidity and access to capital to support the development of services and regular operations.
- Identify risks and opportunities to promote improved operations and informed decision-making.
- Promote risk awareness among staff.

Orkuveitan's risk manual and related documents describe the risk management framework, overall vision and risk appetite of the board. The board instructs the CEO to implement the risk policy and to provide regular information on the status of risk categories and on risks outside the defined criteria of the board. Changes to risk limits and/or risk appetite must be approved by the board.

# Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 358
ES
Reykjavík, 25.11.2024

## TILLAGA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við eigendafund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.

## GREINARGERÐ

Að loknum aðalfundi ársins 2024 láðist að tilkynna fyrirtækjaskrá að Grant Thornton sé endurskoðunarfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Því er Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi hjá GrantThornton, skráður endurskoðandi fyrirtækisins og hefur verið óskað eftir leiðréttingu á skráningunni hjá fyrirtækjaskrá.

Orkuveitan

Skýrsla nr. 2024 - 023

20. 12. 2024



# Framfylgd eigendastefnu 2024

## Skýrsla til eigenda Orkuveitunnar

Sævar Freyr Þráinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir

**Útgefandi:** Orkuveitan
**Umsjón og ábyrgð**: Sævar Freyr Þráinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir

# Skráningarblað skýrslna

<table>
<tr><td>Skýrsla nr.<br>2024 - 023</td><td>Útgáfudagur<br>20.12.2024</td><td>Útgáfustaður<br>Reykjavík</td></tr>
<tr><td colspan="3">Heiti skýrslu<br>Framfylgd eigendastefnu 2024: Skýrsla til eigenda Orkuveitunnar</td></tr>
<tr><td>Upplag<br>pdf</td><td>Fjöldi síðna<br>14</td><td>Dreifing<br>Opinber</td></tr>
<tr><td colspan="2">Höfundur/ar<br>Sævar Freyr Þráinsson, Elín Smáradóttir, Elín Björk Böðvarsdóttir</td><td>Verknúmer</td></tr>
<tr><td colspan="2">Unnið fyrir<br>Orkuveitu Reykjavíkur</td><td>Samvinnuaðilar</td></tr>
<tr><td colspan="3">Útdráttur<br>Eigendastefna Orkuveitunnar hefur sannað ágæti sitt. Eigendastefna hefur áhrif á stjórnarhætti, ábyrgð og árangur. Eigendastefna, þar sem vilji eigenda er skýr, auðveldar ákvarðanatöku og spilar þannig hlutverk í árangri fyrirtækisins. Eigendastefnan er nú orðin meira en áratugargömul og í þessari skýrslu er komið inn á nokkra þá þætti sem eigendur þurfa að taka afstöðu til, þannig að eigendastefnan geti stutt við framþróun Orkuveitunnar.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Efnisorð<br>Eigendastefna, sameignarsamningur, stjórnarhættir</td><td>Yfirfarið</td></tr>
</table>

# Innihald

1 Upphafsorð ... 1

2 Hlutverk, kjarnastarfsemi og starfssvæði ... 1

3 Stjórnhættir ... 2

3.1.1 Kortlagning á skipulagi og stjórnarháttum OR ... 3

4 Stefnumótun ... 4

5 Samskipti og upplýsingagjöf ... 7

6 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda ... 8

6.1.1 Carbfix ... 8

6.1.2 Ljósleiðarinn ... 9

6.1.3 Orkuöflun ... 9

6.1.4 Ný heildarstefna Orkuveitunnar ... 9

7 Lokaorð ... 10

# 1 Upphafsorð

Skýrsla um framfylgd eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) var í fyrsta skipti gefin út vegna starfsemi ársins 2015. Síðan þá hefur hún verið gefin út árlega og skilað til eigenda á reglulegum eigendafundi félagsins, sem ber að halda í nóvember ár hvert. Til samræmis við eigendastefnuna er skýrslan aðgengileg almenningi og fjölmiðlum, meðal annars á heimasíðu Orkuveitunnar ásamt eldri skýrslum um framfylgd hennar.

Eigendastefna Orkuveitunnar hefur síðustu árin sannað ágæti sitt. Áherslur eigenda Orkuveitunnar koma fram í stefnunni sem er til stuðnings ákvarðanatöku stjórnar, enda fær stjórn skýrari skilaboð með eigendastefnu um hvaða línur eigendur leggja. Eigendastefna hefur áhrif á stjórnarhætti, ábyrgð og árangur, ekki síst er varðar sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Eigendastefna, þar sem vilji eigenda er skýr, auðveldar ákvarðanatöku og spilar þannig hlutverk í árangri fyrirtækisins.

Eigendastefnan er nú orðin meira en áratugargömul og hefur stjórn hvatt eigendur síðastliðin þrjú ár til að rýna hana með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa í umhverfi, samfélagi og tækni sem fleygir fram. Jafnframt gefur ný heildarstefna Orkuveitunnar sem fékk samþykki eigenda á árinu 2024 tilefni til rýni á eigendastefnu. Þannig geti eigendastefnan stutt við framþróun Orkuveitunnar.

Reykjavíkurborg hefur sett sér eigandastefnu um sín fyrirtæki, sem ekki samræmist eigendastefnu í öllum atriðum og kallar mögulega á breytingar. Á liðnum árum hafa komið í ljós skiptar skoðanir um tiltekin atriði í eigendastefnunni á borð við starfssvæði Orkuveitunnar. Til að eigendastefnan þjóni sem best hlutverki sínu sem leiðarvísir fyrir stjórn og starfsemi félagsins kallar stjórn Orkuveitunnar eftir afstöðu eigenda til tiltekinna atriða eigendastefnunnar. Eigendur samþykktu á eigendafundi 14. júní 2024 að skipa starfshóp til að rýna eigendastefnu og mun hann væntanlega hefja störf á árinu 2025.

# 2 Hlutverk, kjarnastarfsemi og starfssvæði

Kjarnastarfsemi Orkuveitunnar er lýst í lögum, sameignarsamningi og eigendastefnu. Kjarnastarfsemin eru þau verkefni sem fyrirtækinu er falið að sinna. Í eigendastefnu hafa eigendur enn fremur útfært hlutverk Orkuveitunnar sem snýr að megintilgangi starfsemi þess. Hlutverk og kjarnastarfsemi Orkuveitunnar voru skilgreind í lögum 136/2013 sem tóku gildi við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2014, þegar einstaka hlutverk fyrirtækisins voru færð yfir í dótturfélögin Veitur, Ljósleiðarinn og Orku náttúrunnar. Á þeim tíma voru sameignarsamningur og eigendastefna rýnd og stjórnarhættir skýrðir með tilliti til þessara breytinga.

Carbfix ohf. hóf starfsemi sem aðskilið fyrirtæki í janúar 2020 og 2022 var stofnað dótturfélag Carbfix ohf., Carbfix hf., til fjármögnunar Carbfix verkefna. Þá var skerpt á lagastoð fyrir heimild

Orkuveitunnar og dótturfélaga fyrir Carbfix tækninni. Það var og tryggt með breytingu á 2. málsl. 2. gr. lag nr. 136/2013, sem samþykkt voru á Alþingi 8. maí 2023, og orðast svo „Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu."

Samstæða Orkuveitunnar stendur aftur frammi fyrir breytingum en nú varðandi tvö dótturfélaganna sem heimilað hefur verið að selja hlutdeild í. Kalla þessar breytingar einnig á rýni eigendastefnunnar þar sem skýra þarf hvaða áhrif þetta hefur á stjórnarhætti.

Í eigendastefnu er kafli um starfssvæði Orkuveitunnar og segir þar: "Meginstarfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er Suðvesturland. Tækifæri annars staðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en stofnað er til skuldbindinga vegna þeirra." Skiptar skoðanir hafa verið um hvað "meginstarfssvæði" þýði. Þykir ljóst að eigendur þurfa að skýra þennan kafla og þetta meginatriði þannig að ljóst sé við hvað er átt og hvað staðfesting eigenda í þessu tilfelli þýðir.

# 3 Stjórnhættir

Stjórn Orkuveitunnar leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og efla þá. Stjórnarháttum Orkuveitunnar er skipað með lögum nr. 136/2013, sameignarsamningi eigenda, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Starfsreglurnar taka einnig mið af siðareglum Orkuveitunnar, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland ehf. auk handbókar stjórnarmanna, útgefinni af KPMG. Stjórn Orkuveitunnar ákvað að taka núverandi starfsreglur til rýni og hugsanlegrar endurskoðunar og er fyrirhugaður starfsdagur stjórnar í þessum tilgangi í upphafi árs 2025. Starfsreglur skulu svo staðfestar á eigendafundi til samræmis við ákvæði sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur og munu verða lagðar fyrir eigendur á eigendafundi þegar að því kemur.

Stjórn Orkuveitunnar setur sér árlega starfsáætlun, sem er í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Starfsáætlun hvers árs er samþykkt á síðasta stjórnarfundi ársins á undan. Starfsáætlun gerir ráð fyrir öllum þeim verkefnum sem stjórn eru falin samkvæmt sameignarsamningi og eigendastefnu. Þannig er leitast við að tryggja framfylgd eigendastefnu og stöðuga árvekni, ábyrgð og yfirsýn stjórnar í rekstri fyrirtækisins.

Í samræmi við meginhlutverk og skyldur stjórnar fer hún með æðsta vald á milli eigendafunda. Stjórn annast um að skipulag Orkuveitunnar og starfsemi sé góðu horfi. Þá skal stjórn jafnframt stuðla að viðgangi félagsins og langtímaárangri samhliða því að hafa eftirlit með daglegum rekstri fyrirtækisins. Stjórn Orkuveitunnar hefur tryggt skilvirka og skjalfesta ferla um áhættustýringu og áhættustefnu, virkt innra eftirlitskerfi og innri endurskoðun. Innri

endurskoðandi heyrir beint undir stjórn og um störf hans er fjallað í erindisbréfi. Þá eru starfandi undirnefndir stjórnar, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd.

Stjórn framkvæmir árlega mat á eigin störfum og störfum forstjóra og fór það mat fram í maí sl. Stjórnin gerir einnig reglulegt mat á því hvernig stefnumótun félagsins er hrint í framkvæmd. Reglulegt mat stjórnar á stefnumótun og innleiðingu byggir á árlegri rýni heildarstefnu félagsins og stuðningsstefnum sem eigendastefnan tilgreinir (sjá 5. kafla). Þetta er skjalfest ferli sem kallað er stefnumiðaðir stjórnarhættir og grein hefur verið gerð fyrir í skýrslum um framfylgd eigendastefnu síðastliðin ár.

### 3.1.1 Kortlagning á skipulagi og stjórnarháttum Orkuveitunnar

Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar var kynnt stjórn Orkuveitunnar í október 2022. Kynningin var hluti af innleiðingarferli stefnunnar sem kallar á endurskoðun stofnskjala þeirra fyrirtækja sem stefnan gildir um, einkum stofnsamþykktir og stofnsamninga.

Í nóvember 2022 fékk Orkuveitan bréf frá borgarritara Reykjavíkurborgar þess efnis að hefja ætti kortlagningu á skipulagi og stjórnarháttum Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn og forstjóri Orkuveitunnar skipuðu tengilið til að vera í samskiptum við borgina og var gögnum, sem óskað var eftir, skilað í sama mánuði. Í bréfinu segir jafnframt að kortlagning eigendastefna þeirra félaga sem Reykjavíkurborg á hlut í kunni að kalla á endurskoðun þeirra til samræmis við ákvæði almennrar eigandastefnu Reykjavíkurborgar.

Eigandastefna eins eigenda félagsins er ekki hluti af stjórnháttum Orkuveitunnar, nema að svo miklu leyti sem hún samræmist eigendastefnu allra eigenda. Í eigendastefnu segir: „Eigendastefnan er samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnum og staðfestar á eigendafundi." Eigendur þurfa því að sammælast um það hvernig þeir ætla að haga málum varðandi sameiginlega eign sína og kallar það á rýni eigendastefnunnar.

Reykjavíkurborg hafði boðað það að hluti af innleiðingaferli eigandastefnu borgarinna væri að endurskoða stofnskjöl allra fyrirtækja sem undir stefnuna falla og er Orkuveitan þar á meðal. Markmiðið er að þau endurspegli ákvæði eigandastefnu borgarinnar. Drög að formi fyrir stofnsamþykktir, sem notuð verða við útfærslu nýrra stofnskjala, voru send Orkuveitunni í október 2023 til umsagnar. Formið verður síðar aðlagað að hverju og einu fyrirtæki. Stofnsamþykktaformið var lagt fram til kynningar í stjórn Orkuveitunnar sem bókaði á fundi sínum þann 23. október 2023:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirliggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni."

Á framhalds eigendafundi í júní var samþykkt tillaga um að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Vinnuhópurinn hefur ekki verið skipaður.

# 4 Stefnumótun

Í sameignarsamningi Orkuveitunnar hafa eigendur fyrirtækisins falið stjórn veigamikið hlutverk er snýr að framfylgd eigendastefnu félagsins, stefnumótun og eftirfylgni með stefnu, markmiðum og mælikvörðum. Í sameignarsamningi Orkuveitunnar segir *„Stjórn skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnumörkun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur skal endurspeglast í samþykktum og stefnumörkun dótturfélaga.“* Þá hefur forstjóri á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins, eins og segir í reglugerð um Orkuveitunnar og sameignarsamningi.

Í kjölfar ráðningar á nýjum forstjóra Orkuveitunnar ákvað stjórn Orkuveitunnar að ráðast í víðtæka heildarstefnumótun árið 2023. Ný heildarstefna kynnt fyrir eigendum í byrjun árs 2024 Líkt og kveðið er á um í sameignasamningi Orkuveitunnar var hún í kjölfarið kynnt „viðskiptavinum og starfsfólki, meðal annars með birtingu hennar á heimasíðu fyrirtækisins” snemma á þessu ári.

Ný heildarstefna (sem sjá má á Mynd 2) var kynnt fyrir starfsfólki í febrúar 2024 á liðsheildardegi sem fór fram samhliða árshátíð Orkuveitunnar.

Markmið dagsins var að kynna nýja stefnu fyrir starfsfólki og skapa vettvang fyrir samtal, hugmyndavinnu og að skapa spennandi sýn á framtíðina. Lögð var áhersla á að virkja þátttöku starfsfólks og hvetja til umræðu um tækifærin sem felast í stefnunni og hvernig við getum náð árangri saman. Vaxtarsprotar Orkuveitunnar leiddu umræður á borðum um eftirfarandi spurningar:

- Hvað fannst þér áhugavert/spennandi við stefnuna?
- Hvað þurfum við að gera meira/minna af til að ná þessum árangri/stefnu?
- Hvað getur Orkuveitan gert til að auka ánægju viðskiptavina (innri og ytri viðskiptavini)?
- Hvað getur Orkuveitan gert til að styðja við aukna nýsköpun og sjálfbærni bæði innan sem utan samstæðu?

Fjölmargar hugmyndir komu fram sem unnið var úr að loknum liðsheildardegi. Niðurstöðurnar voru flokkaðar og skiptust í fimm megin atriði:

- **Frumkvæði og nýsköpun:** Leggja áherslu á mikilvægi þess að hvetja starfsfólk til frumkvæðis og skapandi hugsun, og skapa umhverfi sem styður við nýsköpun og þróun nýrra hugmynda.

- **Sjálfbærni og kolefnishlutleysi:** Undirstrika þörfina fyrir að innleiða sjálfbærar aðferðir og stefna að kolefnishlutleysi í öllum verkefnum og rekstri, sem endurspeglar skuldbindingu fyrirtækisins til umhverfisverndar.
- **Samvinna og opið samtal:** Þróa sterkari samvinnu innan fyrirtækisins og við ytri aðila, og hvetja til opinnar og virkrar samræðu um stefnu, verkefni og nýjungar til að efla samstöðu og nýsköpun.
- **Tækninýjungar og gagnanýting:** Nýta tækniframfarir og gagnagreiningu til að bæta ákvarðanatöku, skilvirkni og þjónustu við viðskiptavini, og vera í fremstu röð hvað varðar tækninýjungar í orkugeiranum.
- **Viðskiptavinamiðuð nálgun:** Leggja áherslu á að setja þarfir og ánægju viðskiptavina í forgang, bæta samskipti og þjónustu, og auka sýnileika og góða ímynd fyrirtækisins í samfélaginu.

Mikil ánægja var á meðal starfsfólks með daginn og það skapaðist spennandi samhljómur um framtíðarsýn Orkuveitunnar sem aflvaka sjálfbærrar framtíðar.

Skipurit móðurfélags var endurskoðað með tilliti til nýrrar heildarstefnu og var nýtt skipurit kynnt starfsfólki í mars. Eigendur samþykktu nýja heildarstefnu Orkuveitunnar á eigendafundi 11. júlí 2024.




*Mynd 2: Ný heildarstefna Orkuveitunnar*

Nánari upplýsingar um nýja stefnu má finna í meðfylgjandi hlekk. OR-Stefnubæklingur-A5-IS-240612.pdf

Á árinu hefur mikil vinna átt sér stað við innleiðingu nýrrar heildarstefnu í alla starfsemina. Mælikvarðar hafa verið skilgreindir fyrir flest stefnumarkmið, ásamt skýrri áætlun um eftirfylgni

þeirra. Unnið er að því að efla árangurs- og stefnumiðaðan hugsunarhátt þvert á Orkuveituna og að öll geti tengt sig við stefnuna. Dótturfélög hafa samhliða breytt stefnu svo tenging sé við heildarstefnu Orkuveitunnar. Mikilvægt er að auðvelt sé að meta framgang stefnunnar og Mynd 3 sýnir þá sjónlínu sem við ætlum að ná í framkvæmd hennar. Með þessari sjónlínu færum við stefnuna ekki aðeins nær starfsfólki, heldur gerum stjórnendum einnig auðveldara um vik að fylgja því eftir að við náum árangri.




***Mynd 3: Skýr sjónlína stefnu frá framtíðarsýn til daglegra verka – og til baka.***

Þessi sýn fyrir framkvæmd stefnunnar var kynnt fyrir stjórn Orkuveitunnar í nóvember, ásamt þeim framgangi sem nú þegar hefur náðst. Einnig voru kynntir mælikvarðar fyrir þau átta lykilmarkmið sem stjórn hefur óskað eftir að fá reglubundnar upplýsingar um. Þetta var gert til upplýsinga, en stefnt er á að mælikvarðanir verði lagðir fyrir stjórn til samþykktar á næsta ári.

Undir lok árs var stofnað Fagráð stefnu með það markmið að styðja við árangursríka innleiðingu og framkvæmd stefnu og samræmda eftirfylgni þvert á öll félög Orkuveitunnar. Fagráðið er leitt af móðurfélagi en í því er einnig einn fulltrúi fyrir hönd hvers dótturfélags. Skýrt er að ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu liggur hjá forstjóra og framkvæmdastjórum/-stýrum, en hlutverk ráðsins er að fylgja eftir framkvæmdinni, tryggja skýra yfirsýn og miðla upplýsingum til forstjóra og framkvæmdastjóra/-stýra.

Fagráðið mun einnig spila lykilhlutverk í árangursríkri innleiðingu stefnu með það að markmiði að stefnumiðuð hugsun og vinnubrögð verði hluti af menningu starfsfólks Orkuveitunnar og dótturfélaga. Ráðið mun tryggja viðeigandi leiðsögn og fræðslu til þess að efla einingar í sinni stefnuvinnu, auk þess sem fulltrúar ráðsins munu veita almennan en samræmdan stuðning innan sinna félaga.

Almennt hefur verið lögð mikil áhersla á að stefnan sé aðgengileg starfsfólki og að öll framkvæmi hana í sameiningu sem árangursmiðuð liðsheild. Vísun í stefnuna er að finna víða, t.d. í sameiginlegum rýmum og sem skjáhvílur, og er lagt mikið upp úr því að ræða stefnuna og hvernig árangur tengist henni, t.d. á upplýsingafundum starfsfólks. Með starfi fagráðsins munum við enn fremur auka aðgengi og þátttöku starfsfólk í framkvæmd stefnunnar.

Í eigendastefnu eru taldar upp þær stefnur sem skulu vera til **stuðnings heildarstefnu** Orkuveitunnar, og skulu stefnur dótturfélaga samræmast þeim. Stefnumiðaðir stjórnarhættir, sem getið var í 4. kafla þessarar skýrslu, tryggja slíkt samræmi. Stefnur sem rýndar eru af stjórn Orkuveitunnar koma til rýni í stjórnum dótturfélaga mánuði seinna og er það ábyrgðaraðili hverrar stefnu sem ber ábyrgð á því að tryggja samræmi og að fylgjast með því að unnið sé að markmiðum stefnunnar í öllum félögum Orkuveitunnar.

Um langt skeið hefur verið rætt að fjöldi stuðningsstefna skapi ákveðið flækjustig sem geri starfsfólki erfiðara að vinna með þær. Einföldun skapar skýrleika fyrir starfsfólk og auðveldar því að setja störf sín í samhengi og setja markmið sem miða að árangri. Hingað til hefur verið litið svo á að móta skuli aðgreindar stefnur í þeim málaflokkum sem eigendastefnan tilgreinir, þó þær skarist að einhverju leyti.

Snemma á árinu var lagt fram minnisblað til stjórnar Orkuveitunnar, sem og stjórna dótturfélaga, um rýni og mögulega sameiningu stuðningsstefna í kjölfar breytingar á heildarstefnu. Vegna þessa var rýni stefnu samkvæmt starfsáætlun stjórna fyrir árið 2024 ekki í þeirri röð sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Þær stuðningsstefnur sem breytt hefur verið á árinu eru áhættustefna og upplýsingaöryggisstefna.

Starfsáætlun stjórna fyrir 2025 hefur verið sett fram og mun vinna við sameiningu og einföldun stuðningsstefna halda áfram. Fagráð stefnu mun einnig styðja ábyrgðaraðila hverrar stuðningsstefnu í þeirri vinnu.

# 5 Samskipti og upplýsingagjöf

Eins og víða um atvinnulífið stendur nú yfir hjá samstæðunni innleiðing sjálfbærniregluverks Evrópusambandsins. Helsta markmið þess er að sporna við grænþvotti, það er röngum eða vafasömum fullyrðingum um umhverfisvænleika tiltekins reksturs og setur slíkar rangfærslur undir sama hatt og rangfærslur í öðrum reikningsskilum. Regluverkið er þríþætt:

- Flokkunartilskipun þar sem settar eru fram loftslags- og umhverfiskröfur svo tiltekinn starfsþáttur geti talist grænn.

- Reglur um ársreikninga/ársskýrslur (Corporate Sustainability Reporting Directive) sem með innleiðingu í ársreikningalög gerir kröfu um viðeigandi sjálfbærniupplýsingar í reikningsskilum.
- Staðall grænna skuldabréfa, sem rammar inn kröfur til grænnar fjármögnunar en þær eru ekki einhlítar og að talsverðu leyti komnar undir fjármögnunaraðilum í dag.

Innleiðingin er nokkuð umfangsmikil, einkum breyting á bókhaldskerfum vegna flokkunarreglugerðarinnar svo hægt sé að ná út úr kerfunum áreiðanlegum upplýsingum um hversu mikill hluti fjárfestinga og tekna samstæðunnar stenst umhverfis- og loftslagskröfur reglnanna.

Orkuveitan sér einnig tækifæri í breytingunum. Árlega hefur verið gefinn út ársreikningur, ársskýrsla, áhrifaskýrsla grænnar fjármögnunar, skýrsla um framfylgd eigendastefnu auk þess sem grænu bókhaldi er skilað. Takist vel til við innleiðingu regluverksins af hálfu stjórnvalda og innan samstæðu Orkuveitunnar má sjá fyrir sér mun einfaldari skýrslugerð vegna fjárhags- og sjálfbærniþátta rekstursins.

Þá stendur yfir innleiðing nýrrar sjálfbærnistefnu Orkuveitunnar. Í henni eru sex megináherslur og undir þeim 21 þýðingarmikill sjálfbærniþáttur. Uppbygging stefnunnar er með sama hætti og hinnar árangursríku umhverfis- og auðlindastefnu samstæðunnar, sem upphaflega var sett árið 2012. Sú stefna er felld inn í nýju stefnuna sem og stefna Orkuveitunnar um samfélagsábyrgð frá árinu 2015. Sú skerping sjálfbærniáherslna sem í stefnumótuninni felst kemur sér afar vel við innleiðingu þegar samþykktra og væntanlegra stjórnvaldsfyrirmæla til varnar grænþvotti.

# 6 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Samkvæmt grein 8.4 í sameignarsamningi skal stjórn Orkuveitunnar vísa til eigenda „Óvenjulegum, veigamiklum eða stefnumarkandi ákvörðunum“. Slíkar ákvarðanir dótturfélaga skulu jafnframt lagðar fyrir eigendur Orkuveitunnar og skal stjórn Orkuveitunnar upplýst um þær. Í eigendastefnu eru jafnframt skilgreindar tilteknar ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda. Eigendur þurfa að rýna þær ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki, má þar nefna ákvarðanir sem snúa að starfsemi (hvað) og starfssvæði (hvar) og spilar þar ekki síst inn í að hluthafar eru að koma að tveimur dótturfyrirtækja Orkuveitunnar.

### 6.1.1 Carbfix

Ætlunin er að selja hluta til fjárfesta í hinu nýja dótturfélagi Carbfix ohf., Carbfix hf., sem getið var í 3. kafla. Orkuveitan verður meirihlutaeigandi Carbfix. Í tengslum við hlutafjáraukninguna hafa verið haldnir óformlegir fundir með handhöfum eigenda. Sala hlutafjár í Carbfix er til að hraða uppbyggingu félagsins og standa undir fjárfestingum, hvorttveggja hér á landi og

erlendis. Undirbúningi útgáfu nýs hlutafjár í Carbfix er lokið, fjárfestakynningar hafa staðið yfir á árinu og viðræður við áhugasama fjárfesta og væntingar um nýja meðeigendur endurspeglast í fjárhagsspá Orkuveitunnar sem var samþykkt í stjórn í október. Eigendur samþykktu á árinu breytingar á svokölluðum „girðingum“ í samþykktum Carbfix hf.

### 6.1.2 Ljósleiðarinn

Eigendur samþykktu að veita heimild til hækkun hlutafjár Ljósleiðarans ehf. um allt 33,33% af heildarhlutafé félagsins, eða þannig að eignarhlutur Orkuveitunnar yrði aldrei minni en 66,67% af heildarhlutafé félagsins. Hluthafafundur Ljósleiðarans samþykkti um miðjan september 2023 að auka hlutafé félagsins og bjóða nýjum hluthöfum það til kaups. Er Reykjavíkurborg samþykkti fyrirhugaða hlutafjáraukningu var þess óskað að lagt yrði nýtt mat á og fjárfestingaráformum forgangsraðaað út frá greiningu þeirra, ábata og áhættu. Þetta mat hefur farið fram og er þess vænst að kynna stöðu þeirrar vinnu fyrir eigendum og ákveða fyrirkomulag söluferlis nýs hlutafjár í Ljósleiðaranum á nýju ári.

### 6.1.3 Orkuöflun

Fyrirsjáanlegur er vöxtur í eftirspurn eftir grænni orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti. Vinnsla á endurnýjanlegri orku skiptir lykilmáli í baráttunni við loftslagsvá. Orkuskiptin eru þýðingarmikil til að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum, og kalla á endurnýjanlega raforku. Í samræmi við eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem er orku- og veitufyrirtæki í almannaeigu, ber fyrirtækið samfélagslega ábyrgð á orkuöflun sem staðið er að í sátt við umhverfi, náttúru og samfélag.

Í júní 2023 var greint frá því opinberlega að Orkuveitan sé að skoða að reisa vindorkugarða í nágrenni Hellisheiðar. Orkuveitan hafði þegar kynnt hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórum og landeigendum þá vindorkukosti sem eru til skoðunar og jafnframt lagt fram beiðni til Orkustofnunar um að verkefnisstjórn rammaáætlunar fjalli um þrjá vindorkukosti í nágrenni Hellisheiðar auk mögulegrar dæluvirkjunar sem nýtt yrði sem jöfnunarafl.

Í október samþykkti borgarstjórn að beina því til stjórnar Orkuveitunnar að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík. Á fundi stjórnar í sama mánuði samþykkti stjórn að málið yrði skoðað ásamt möguleikum á sambyggðum vindmyllum. Eitt sviða Orkuveitunnar, Rannsóknir og nýsköpun, hefur hafið þessa greiningu.

### 6.1.4 Ný heildarstefna Orkuveitunnar

Í júlí samþykktu eigendur nýja heildarstefnu Orkuveitunnar sem lýst er í kafla 5.

# 7 Lokaorð

Eigendastefna Orkuveitunnar er meira en áratugargömul. Breytingar í samfélaginu og innri starfsemi félagsins valda því að ramminn sem stjórn hefur til að vinna eftir er ekki lengur eins skýr og æskilegt væri. Af því hljótast nýjar áskoranir fyrir stjórn og ákvarðanatöku hennar.

Á eigendafundi Orkuveitunnar 9. desember 2022 var skýrsla um framfylgd eigendastefnu lögð fram. Í henni voru eigendur hvattir, líkt og árið á undan, til að rýna eigendastefnuna. Á fundinum var bókað „Eigendur telja ástæðu til að huga að endurskoðun eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, m.a. með hliðsjón af nýrri eigandastefnu Reykjavíkurborgar."

Í aðalfundargerð Orkuveitunnar apríl 2023 er bókað að borgarstjóri hafi sagt það sitt álit að starfsemi Orkuveitunnar væri í föstum og góðum skorðum sem mætti meðal annars rekja til mótunar eigendastefnu fyrirtækisins. Þá nefndi hann að komið hefði fram áður á vettvangi eigenda að stefnan væri til endurskoðunar og yrði nú að talsverðu leyti í höndum nýs fólks á vettvangi stjórnar, eigenda og fyrirtækisins.

**Viðtakandi**: Borgarráð
**Sendandi**: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 6. janúar 2025
MSS25010052

**UMSÖGN**

---

## Umsögn um arðsemisstefnu, arðgreiðslustefnu og áhættustefnu

**Arðsemisstefna.** Til samþykktar.

Megináherslur arðsemisstefnu eru:

> *„Arðsemisstefna Orkuveitunnar felur í sér að starfsþættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfsþátta að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu, sjálfbærniviðmiða og viðráðanlegs verðs. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfsþátta gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða í tilfelli sérleyfisstarfsemi of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða […].*
>
> *[…]*
>
> *Arðsemisstefna Orkuveitunnar er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu Orkuveitunnar.“*

<u>Arðsemisstefna er óbreytt frá fyrra ári og mælir fjármála- og áhættustýringarsvið með því að stefnan verði samþykkt.</u>

**Arðgreiðslustefna.** Til samþykktar.

Megináherslur arðgreiðslustefnu eru:

> *„Arðgreiðslustefna Orkuveitunnar felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.“*

Mælikvarðar arðgreiðslustefnu eru:

| „ | <u>*Frá og með 2019*</u> |
|---|---|
| *1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)* | *>1,0* |
| *2. Eiginfjárhlutfall* | *>40%* |
| *3. FFO vaxtaþekja* | *>3,5* |
| *4. RCF / nettó skuldir* | *>13%“* |

<u>Arðgreiðslustefna er óbreytt frá fyrra ári og mælir fjármála- og áhættustýringarsvið með því að stefnan verði samþykkt.</u>

Reykjavík

**Áhættustefna.** Til samþykktar (m br.)

Meginmarkmið eldri áhættustefnu eru *„að tryggja að OR geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta með lágmarksáhættu*“.

Meginmarkmið nýrrar stefnu eru *„að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun“.*

Í þessu felst að í stað þess að taka almennt tillit til *lágmarksáhættu* er áhættuvilji víkkaður út þannig að tekið verði tillit til *ásættanlegrar áhættu og eðli viðkomandi starfsemi*. Með þessari breytingu er áhættuvilji Orkuveitu Reykjavíkur aukinn og tekið tillit til þeirrar fjölbreytni sem í starfsemi félagsins felst og mismunandi sjónarmiða sem geta verið uppi varðandi áhættur í starfsemi einstaka miðla og félaga innan samstæðu.

Áherslur nýrrar áhættustefnu eru að (undirstrikanir til áherslu):

- *Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.*
- *Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.*
- *Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.*
- *Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.“*

Vísað er í áhættuhandbók Orkuveitu Reykjavíkur og tengd skjöl sem lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að lögð er áhersla á að uppfæra áhættustefnuna til samræmis við nýja heildarstefnu félagsins. Áherslur nýrrar stefnu eru ekki ósvipaðar þeim áherslum sem voru í eldri stefnu. Fyrsta áherslan er orðuð með almennari hætti en að sama skapi er vísað með sterkari hætti til ábyrgðar *„forstjóra að framfylgja stefnunni og upplýsa stjórn með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar“*. Önnur áherslan orðar með sterkari hætti *aðgengi að fjármagni* til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi. Þriðja áherslan tekur síðan með sterkari hætti fram mikilvægi þess að greina áhættur til að *stuðla að bættum rekstri og upplýstari ákvarðanatöku*. Í fjórðu áherslunni er að finna áherslu á *áhættuvitund starfsfólks*, sem ekki var að finna í eldri stefnu.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að breytingar á áhættustefnu félagsins dragi fram og skerpi á flókinni starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og mikilvægi þess að áhættur í rekstri taki mið af stefnumörkun og rúmist innan áhættuvilja einstakra starfsþátta. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að breytingarnar séu til bóta og mælt með því að stefnan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir

*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

Reykjavík